

## LISTIR

# Sígaunarnir frá Clejani

Sígaunahljómsveitin Taraf de Haidouks er komin hingað til lands til að leika á þrennum tónleikum. Árni Matthíasson segir frá tilurð hljómsveitarinnar og hefðinni sem hún er sprottin úr.

SÍGAUNASVEITIN Taraf de Haidouks hefur svo sannarlega slegið í gegn hér á landi líkt og annars staðar í Vestur-Evrópu og víða um heim reyndar. Plötur hljómsveitarinnar hafa selst bráðvel og svo mikil eftirspurn var eftir miðum vegna fyrirhugaðra tónleika hennar á Listahátíð í Reykjavík að bæta þurfti við tvennum aukatónleikum. Þannig leika sígaunarnir kná á Hótel Íslandi í kvöld, sem eru aukatónleikar, á morgun og á fimmtudag, sem eru einnig aukatónleikar. Uppselt er á tónleikana miðvikudag og fimmtudag, en vist eitthvað eftir af miðum á þriðjudagstónleikana þegar þessi orð eru skrifuð.

## Sígaunar ekki í miklum metum

Sígaunar eru almennt ekki í miklum metum í Evrópu og jafnan finna menn þeim allt til foráttu. Þeir hafa þó gegnt mikilvægu hlutverki í varðveislu evrópskra tónlistarsögu, því þjóðleg tónlist hefur lifað í þeirra förum þótt hún hafi látið undan síga annars staðar. Á fyrri öldum sóttu tónskáld oft innblástur til sígauna og ungerska tónskáldið Béla Bartók sagði að sígaunarnir sem hann kynntist væru ekki að leika sígaunatónlist, þeir væru að leika ungerska tónlist.

Indverski tónlistarmaðurinn Zakir Hussain hefur meðal annars lýst sígaunum svo að þeir séu eins og býflugur sem fari um allan heim að safna frjó á þess að hirða um annað en tónlistarlegt gildi og frjóvga síðan eigin tónlistarblóm. Þannig hafi þeir borið indverskar tónlistarhefðir með sér til Afganistan, Libanon og Suður-Rússlands fyrir hundruðum ára eins og sjá megí stað enn þann dag í dag.

Segja má að tíminn hafi nánast staðið í stað undir kommúnistum í Austur-Evrópu því þjóðfélagsþróun

var þar mun hægari en vestar í álfunni. Þrátt fyrir það lét þjóðleg tónlist undan síga þar eins og annars staðar, laut í gras fyrir alþjóðlegu poppi og sölumennsku. Svo fór einnig með sígauna í Rúmeníu, en þeir eru hvergi fjölmennari, ungmenni í þeirra hópi vildu ekki spila „gamaldags“ tónlist á við þá sem foreldrar þeirra og forfeður höfðu hlustað á, þau vildu Michael Jackson.

## Spilað fyrir aðalsmenn og konunga

Tónlistarmenn meðal rúmenskra sígauna kallast lautari en þann titil báru þeir sem spiluðu fyrir aðalsmenn og konunga í Grikklandi og Tyrklandi fyrir langa löngu. Við hirðirnar nutu sígaunar frá Rúmeníu og Moldovu meistar virðingar fyrir spilamennsku sína, en þegar menn nemtu ekki lengur að vera fastir við hirðina, féllu í ónáð eða nýir menn tóku einfaldlega við héldu þeir heim á leið og kenndu ungum tónlistarmönnum, léku í brúðkaupum eða við skemmtanir almennt. Þótt hirðirnar séu löngu horfnar eru menn enn að leika við hátíðleg tækifæri, fara þorp út þorpi að spila, en heldur hefur þeim fækkað með árunum sem það gera og fáir bæst við.

Lautari kennir syni sínum eða náfrændum að leika á hljóðfæri og skilar til viðkomandi söngvaarfnum sem hefur þannig gengið mann fram af manni í aldir. Börn lautari læra jafnan á mörg hljóðfæri þótt þau velji sér eitt aðalhljóðfæri. Hluti af þjálfuninni er að viðkomandi lærir að spila í hljómsveit, taraf, en þær eru misstórar og sibræytilgar, enda skipað í þær eftir því hvað á að spila og hvað sá getur borgað sem það um spilamennskuna. Orðið taraf er komið úr arabísku og segir sitt um áhrif úr tyrkneskri og arabískri tónlist sem heyra má í mörgum lögum



Morgunblaðið/Golli

Sígaunasveitin Taraf de Haidouks komin til Íslands. Svo mikill áhugi er fyrir tónleikum hennar að bæta þurfti við tvennum aukatónleikum. Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld og síðan miðvikudags- og fimmtudagskvöld.

og söngstíl. Með vinna sig upp innan taraf-sveitar, byrja sem undirleikarar en fá síðan að stíga fram í sviðsljósið eftir því sem getan leyfir, en draumurinn er vitanlega að ná þeirri færni að viðkomandi kemur sér upp eigin taraf-sveit. Til að ná því stigi verður hann þó ekki bara að geta leikið á ólíkar gerðir hljóðfæra heldur verður hann að vera framúrskarandi á að minnsta kosti eitt, geta leikið grúa laga í óteljandi stílbrigðum, hafa það tóneyra að nóg sé fyrir hann að heyra lag einu sinni til að geta spilað það og kennt öðrum og svo má telja.

## Hljómsveitin frá Clejani

Tónlistarhefðinni svipar saman milli sígaunahópa en hefur þó sín héraðsrækkenni, lagasafn eða spila-stíl, og sum héruð eru frægari en önnur fyrir tónlistarhefð sína og framúrskarandi tónlistarmenn. Skammt suður af Búkaress, höfuðborg Rúmeníu, er þannig þorp eitt sem kallast Clejani og hefur löngum verið frægt fyrir tónlistarmenn sína. Þar starfaði löngum sígaunasveit sem kallaðist Taraf de Clejani, eða bara Hljómsveitin frá Clejani, og varð svo fræg að komast á disk með sígaunatónlist sem Ocora, útgáfa franska ríkisútvarpsins, gaf út. Sá diskur varð þó ekki til að gera sveitina ýkja fræga og áhugaleysi ungmenna í þorpinu um að tileikna sér tónlistararf forfedranna, síversnandi efnahagsástand í Rúmeníu og aldur og almenn þreyta varð til þess að leiðtogi Taraf de Clejani, Nicolae Neacsu, lagði fiðluna á hilluna og bjó sig undir að deyrja.

Ocora-diskurinn átti þó eftir að gera sveitinni gott því vestur í Belgíu voru tveir ungir Ungverjar, Stéphane Karo og Michael Winter, að róta í plötum í safnarabúð að leita að tónlist fyrir hljómsveit sína sem lék arabíska tónlist. Þeir rákust á diskinn og leist svo vel á hann að Karo ákvað að eyða sumarfríinu sínu í að fara til Rúmeníu og freista þess að hafa upp á hljómsveitinni. Þar fann hann fyrir Neacsu sem sat í einsherbergis torfkofa sínum og beiddi dauðans. Neacsu leist í fyrstu ekkert á þennan belgíska furðufugl sem kominn var svo langan veg til þess eins að heyra hann spila en kallaði saman nokkra ættingja sína og hélt tónleika fyrir gestinn sem Karo hljóðritaði.

## 200 tónlistarmenn

Uptakan varð þeim félögum Winther og Karo hvatning til að snúa aftur til Rúmeníu eftir að Ceausescu var steypt af stóli og eyddu sumrinu 1990 meira og minna í Clejani að hlusta á tónlist en í þorpinu voru um 200 tónlistarmenn þegar grannar var skoðað. Þeim fannst tónlistin svo ævintýrleg að þeir ákváðu að koma sveit Neacsus í tónleikaferð um Evrópu, gáfu henni nafnið Taraf de Haidouks, en Haidouk er göfugur stigamaður, einsonar Hrói Höttur rúmenskra þjóðsagna.

Alls fóru ellefu manns í ferðina á aldrinum frá þrettán ára fram á átt-ræðisaldur og gekk svo vel að belgíska plötuútgáfan Crammed Discs gerði útgáfusamning við sveitina og gaf út fyrstu plötuna 1991, Musique Des Tziganes De Roumanie. Sú

plata mokseldist og segja má að þar með hafi verið hafin ævintýrasaga Taraf de Haidouks sem ekki sér fyrir endann á, en meðal annars hefur sveitin leikið inn á plötu með Kronos kvartettinum og í einkasamkvæmum Johnny Depp. Plata númer tvö, Honourable Brigands, Magic Horses and Evil Eye, kom svo út 1994, Dumbala Dumba 1998 og Band of Gypsies á síðasta ári.

## Hefðin er deyjandi

Vinsældirnar utan heimalandsins hafa gert líðsmönnum Taraf kleift að framfleyta stórum fjölskyldum, en þeir njóta enn takmarkaðrar virðingar í heimalandinu líkt og sígaunar almennt. Það er líka erfitt að lifa í Rúmeníu, efnahagur landsins í rúst en það sem er kannski meira um vert, hefðin sem þeir byggja á er deyjandi, ungt fólk í Clejani hefur ekki áhuga á gamalli tónlist, það vill hlusta á popptónlist. Þeir sem enn eru að myndast við að spila þjóðlega tónlist hafa líka tekið upp nýja tækni sem breytir tónlistinni talsvert, í stað hefðbundinna hljóðfæra koma hljóðgervlar, hljómborð og tölvur, tölván sér um bassann, harmonikkuna, og sýmbalónslaghörpu og þá þarf bara einn eða tvo til viðbótar til að spila fiðluna og syngja.

Aherslur hafa reyndar líka breyst í tónlist Taraf de Haidouks í takt við sífelldar tónleikaferðir. Þeir standa þó enn föstum fötum í sígaunahéðni frá Clejani en eru búnir að skapa sér sérstakan stíl, bæta við áhrifum víða að til að krydda og skreyta sem gerir tónleika með sveitinni enn skemmtilegri fyrir vikið.

# Kaldhæðið raunsæi og vel tenntir klónar

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

KÍNVERSK SAMTÍMALIST

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–17, miðvikudaga 10–19. Sýningin stendur til 2. júní.

KÍNVERSK myndlist er sjaldan nefnd í umræðu um þróun nútíma myndlistar, enda var hún ósýnileg vestrænum listunendum meiri hlutann af tuttugustu öldinni. Á tíunda áratugnum fór aftur á móti að bera á nokkrum kínverskum listamönnum sem höfðu lifað bernskuár sín þegar menningarbyltingin stóð yfir. Þessir listamenn unnu ádeilun verk um kínverskan veruleika og nýttu sér hefðir vestrænnar myndlistar. Á meðal þeirra voru málarnir Fang Lijun, Yue Minjun, Yang Shaobin, Guo Wei, Liu Ye og Zhang Xiaog-

ang, en þeir eiga allir verk á sýningunni Kínversk samtímalist sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Verkin eru í eigu listaverkasafnans Fred Leferink, en hann hefur safnað málverkum eftir kínverska listamenn í 7 ár.

Fang Lijun á flest verk á sýningunni, eða 12 af 26. Hann tilheyrir hópi listamanna í Kína sem kallast Popi og stendur fyrir kaldhæðið raunsæi. Kaldhæðni Lijun felst meðal annars í því að nota samskonar stílbrigði og voru í áróðursmálverkum í menningarbyltingunni, en myndmál sem bendir til þrjár eftir frelsi. Þ.e. manneskja (hann sjálfur) að baða sig í vatni, blómum eða sólargeislum.

Við skoðun sýningarinnar er rétt að hafa í huga að eigandi verkanna er hollenskur, því margt í kínversku málverkunum minnir á hollenska málarahefð. Helst eru það



Verk eftir Fang Lijung.

verkin eftir Liu Ye. Hann á fimm málverk á sýningunni sem öll hafa tilvitnun í verk hollenska málarsins Piet Mondriaan, eins brautryðjenda í abstrakt geometríu móðernismans. Tilvitnanirnar eru mis áberandi og birtast mér bæði sem ádeila á kínverska listasögu, þ.e. afneitun þeirra á móðernismanum, og sem hrifning Ye á verkum Mondriaan. Yue Minjun á einnig fimm verk á sýningunni. Hann hefur vakið athygli síðastliðin ár fyrir að mála klóna sjálfs sín. Sérkenni klónanna eru hláturmildi og 32 framtennur. Yang Shaobin á tvö verk á sýningunni. Hann er þekktur fyrir málverk af lemstruðum og lekadu líkómum sem táknmyndir fyrir innra ástand manna. Guo Wei og Zhang Xiaogang eiga eitt málverk í seríum og er verk hans, „Moskító og mölfluga“, eflaust tekið úr slíku samhengi. Málverk Zhang Xiaogang er sérlega falllegt. Það nefnist „Félagi“ og er portrett af ungum meðlimi í kínverska kommúnistaflokknum.

Þótt listaverkasöfnun Leferink sé til fyrirmyndar þá er safn hans ekki tilbúið undir svo stóra sýningu sem vestursalur Kjarvalsstaða býður upp á. Eðlilega hefði sýningarnefnd í samvinnu við Leferink átt að geta valið úr verkum.

Þess í stað er allt safn hans til sýnis og hluti sýningarsalarins er lokaður af með fölskum veggjum vegna þess að verkin 26 nýta ekki upprunalegt veggplássið. Fang Lijun á það mörg verk á sýningunni að hinir listamennirnir falla í skugga hans og sannfærandi mynd af kínverskri samtímalist næst því ekki. Í raun er yfirskrift sýningarinnar frekar villandi þar sem einungis er um frásagnar-málverk, tréristur og blýantsteikningu að ræða, en það er margt annað áhugavert að gerast í kínverskri samtímalist.

Hér er þó ekki við listamennina að sakast né Leferink, heldur hefðu umsjónarmenn sýningarinnar átt að gæta betur að því undir hvaða formerkjum þeir væru að setja hana upp og hvort stærsti listsýningarsalur landsins væri hentugur fyrir listaverkasafn Leferinks.

Jón B.K. Ransu

## Í DAG

Listasafn Íslands Harpa Þórsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna Hin nýja sýn, kl. 12.10–12.40.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is